

185
4. nóv.

S A M Þ Y K K T

um veiði í Þingvallavatni.

1. gr.

Silungur annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði annarri en stangar- og dorgarveiði, frá 1. september til 31. október. Enn fremur skal silungur á svæðinu austan línu frá Langatanga að Fornaseli við Arnarfell vera friðaður fyrir allri veiði frá 15. júlí til 15. ágúst ár hvert.

2. gr.

Óheimilt er að hirða silung, sem veiddur er á stöng og minni er en 20 cm, mældur frá trjónu í sporðsýlingu.

3. gr.

Óheimilt er að nota net til silungsveiði, sem smáriðnari eru en svo, að 4 cm séu á milli hnúta, þá er net eru vot, og murtunet, sem hafa smærri möskva en svo, að 2.25 cm séu á milli hnúta, þá er net eru vot.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 112/1941, ef ekki liggur þyngrri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað, og gildir í fimm ár frá deginum í dag að telja.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. nóvember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

186
7. nóv.

A U G L Ý S I N G

um breyting á reglugerð nr. 155 8. sept. 1949, um kjötmat og fleira.

77. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kjöt af folöldum skal merkja Fo I, ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel útlítandi, en Fo II séu þeir holdverri eða á einhvern hátt ekki vel útlítandi.

Kjöt af tryppum á aldrinum 1—5 vetra, skal merkja Tr I, séu skrokkarnir vel útlítandi og hæfilega feitir, en Tr II séu þeir holdverri eða á einhvern hátt ekki vel útlítandi.

Kjöt af hrossum á aldrinum 6—9 vetra, skal merkja Hr I, ef skrokkarnir eru vel útlítandi og hæfilega feitir.

Kjöt af hrossum 10—15 vetra, skal merkja Hr II, enda séu skrokkarnir vel útlítandi og ekki of feitir.

Kjöt af hrossum 16 vetra og eldri og lakara kjöt af yngri hrossum, þar á meðal 186 óhæfilega feitt kjöt, skal merkja Hr III, teljist það söluhæft á opinberum markaði. 7. nóv.

Kjöt af stórgripum skal hluta þannig í sundur, að hver skrokkur sé sagaður að endilöngu eftir miðjum hrygg og bringan klofin til helminga, en síðan skal þverskera helmingana þannig, að 2—3 rif fylgi afturparti. Hálsæðar skulu skornar frá og jafnframt strjúpi, hafi hann blóðgast.

Ákvæði þessi eru sett samkvæmt lögum nr. 5 23. febr. 1949, um kjötmat o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. nóvember 1953.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

187

9. nóv.

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, um grenjaleitir og eyðingu refa og minka.

1. gr.

Villirefir og refir og minkar, sem sloppið hafa úr vörzlu, eru óhelgir, og skal eyða þeim með hverjum þeim hætti, er helzt verður við komið.

2. gr.

Hreppsnefndum er skylt að sjá um, að eitrad sé fyrir refi og minka þriðja hvert ár, og skulu hinir hæfustu menn fengnir til að sjá um eitrunina. Eitrad agn skal leggja á afskekktu staði og skal tilkynna þeim, er næst búa, hvar eitrið hafi verið lagt. Hirða skal að vori leifar þess, sem eitrad hefur verið, og grafa eða urða. Þegar rjúpur eru eitradar, skal stýfa hægri væng þeirra um miðju.

3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heimalöndum og afréttarlöndum hreppsins, svo og um vinnslu grenja og minkabæla. Þar sem tveir (eða fleiri) hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu leitina og vinnslu dýranna á afréttinni.

4. gr.

Hreppsnefnd eða stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarland saman, skulu í tæka tíð ráða skotmann eða bogmann einn eða fleiri, til að vinna greni og minkabæli í hreppnum. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúinir til grenjavinnslu hvenær sem greni eða minkabæli finnst. Vökumaður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum. Skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina.

5. gr.

Gera skal tvær leitir, þá fyrri 3—6 vikur af sumri, og þá síðari 8—11 vikur af sumri. Á tímabilinu 6—11 vikur af sumri, skulu hreppsnefndir láta a. m. k. eina rækilega grenja- og minkaleit fara fram á afréttarlöndum hreppanna. Ef sérstök ástæða er til, skal láta fara fram þriðju leit eftir 11. helgi.